

## AUGLÝSING

### um umferð í Eskifjarðarkauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Eskifjarðarkauptúni samkvæmt heimild í 65. gr. umferðalaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

Aðalbraut er **Strandgata** frá Bleiksárbrú að Mjóeyrarvík, og er biðskylda á öllum götum, vegum og sundum, sem að henni liggja.

Bifreiðastöður eru bannaðar á þessum stöðum:

#### Á Strandgötu:

- a) Beggja megin á bilinu frá Gamla-Baukslæk að Lambeyrarárbrú.
- b) Á neðri brún vegar við aðalverzlunarhús Kaupfélagsins Bjarkar.

Á **Norðfjarðarvegi**, frá Lambeyrarárbrú að vegamótum við Hringbraut, **beggja megin**.

Á **Hringbraut**, frá vegamótum Norðfjarðarvegar og austur fyrir húsið Samtún, á neðri brún vegar.

Allur bifreiðaakstur er bannaður um **Kirkjutungustíg** frá **Brynjólfshúshorni** að vegamótum **Hringbrautar** (við **Finnshús**).

Um **Sundið** milli húsanna **Hermes I** og **Skálholts**.

Viðeigandi umferðamerki verða sett upp.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 25. maí 1964.*

**Axel V. Tuliníus.**

## REGLUGERÐ

### um greiðslu ríkisframlaga til skólabygginga.

#### 1. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur árlega semja framkvæmdaáætlun um skólabyggingar, sem undir það heyra. Skal áætlunin vera í tvennu lagi, a- og b-flokkur. Í a-flokki séu þær byggingar, sem þegar hafa verið gerðar af fullnaðarteikningar, verklysingar og nákvæmar kostnaðaráætlanir, en í b-flokki byggingar, sem skemmra eru komnar í undirbúningi. Fjárlagatillögur menntamálaráðuneytisins um framlög til skólabygginga skulu gerðar á grundvelli þessarar framkvæmdaáætlunar, og skal hún fylgja þeim tillögum til Alþingis.

#### 2. gr.

Alþingi ákveður í fjárlögum til hvaða skólafrankvæmda stofnkostnaðarframlög skulu veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fyrsta fjárveiting hefur farið fram og annar lögmæltur undirbúningur. Skulu fjárveitingar til greiðslu áætlaðs ríkisframlags þeirra skólabygginga, sem Alþingi veitir fé til 1965 og síðar, miðaðar við, að greiðslum sé lokið að fullu a. m. k. innan fimm ára.

## 3. gr.

Áður en bygging skóla hefst, þarf menntamálaráðuneytið skriflega að hafa staðfest fullnaðarteikningu, verklýsingu og kostnaðaráætlun um framkvæmdina. Að lokinni þeirri staðfestingu, má inna af hendi stofnkostnaðarframlag samkvæmt 2. gr., eftir því sem áfallinn kostnaður þeirrar framkvæmdar segir til um og samkvæmt því sem fé er veitt til í fjárlögum.

## 4. gr.

Árið 1964 skal greiðsla stofnkostnaðarframlaga samkvæmt fjárlögum ársins 1964 og eldri fjárlögum til framkvæmda, er ekki hafa fullnægt ákvæðum 3. gr., áður en þessi reglugerð tekur gildi, háð því skilyrði, að þessar greiðslur nái einum fimmta af áætluðu framlagi ríkissjóðs miðað við verðlag í febrúar 1964.

## 5. gr.

Æski sveitarfélag eða aðrir aðilar, þ. á m. byggingarnefndir ríkisskóla, er ekki hafa fullnægt ákvæðum 3. gr. fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, að hefja framkvæmdir á árinu 1964 og telja sig fullnægja skilyrðum 4. gr., skal ráðuneytið láta framkvæma endurskoðun á kostnaðaráætlun þeirri, sem fjárveiting var miðuð við, og tilkynna síðan sveitarfélagi eða byggingarnefnd, er hlut á að máli, niðurstöðuna. Sker sú endurskoðun úr um, hvort framlag verður greitt árið 1964 eða ekki.

## 6. gr.

Nú ná óhafnar fjárveitingar til annars eða seinni áfanga sömu skólabygginga ekki einum fimmta af áætluðu framlagi ríkissjóðs miðað við verðlag í febrúar 1964. Má þá þrátt fyrir hin almennu ákvæði 4. gr. greiða fé á árinu 1964 til framkvæmda, sem flokkaðar eru á fjárlögum undir annan eða seinni áfanga, svo framarlega sem greiðsla slíkra framlaga að álitu menntamálaráðuneytisins sé nauðsynleg til þess að fyrri áfangar og sá húsakostur, sem fyrir er, nýtist. Sama gildir þegar um er að ræða fleiri en einn skóla og fleiri en einn byggingaráfanga á sama fræðslustigi innan eins og sama sveitarfélags.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 22. gr. laga nr. 41/1955, sbr. 2. gr. sömu laga, og með skírskotun til ákvæða í 6. gr. laga nr. 1/1964, og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 8. maí 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgír Thorlacius.*

## AUGLÝSING

um breytingu nr. 2 á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 1. júní 1964 hækkar um 10% útsöluverð allra lyfja í Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 22. maí 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*